



Aðalstjórn UMF Stjörunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 27.08.2013 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Víctor Ingi Olsen (VIO). Ragnheiður Traustadóttir (RT) boðaði forföll. Auk þess sat Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

2) Skýrsla framkvæmdastjóra

Viðræður við Íslandsbanka um bankaviðskipti félagsins

Á undanförunum árum hefur Íslandsbanki aukið umtalsvert stuðning sinn við deildir félagsins á sama tíma og mjög hefur dregið úr stuðningi Arion banka við félagið.

Framkvæmdastjóri er í viðræðum við Íslandsbanka um flutninga bankaviðskipta.

Hjartastuðtæki í vallahúsi

Hjartastuðtæki hefur verið komið fyrir í vallahúsi. Tækið er staðsett á vegg við skrifstofu framkvæmdastjóra á pallinum.

Tónleikar OF MONSTERS AND MEN í Garðabæ 31.08.2013

Deildir félagsins munu hafa samvinnu um fjáröflun í tengslum við tónleikana. Um er að ræða sölubúðir í þar til gerðum tjöldum á tónleikasvæðinu. Blak, fimleikar, handbolti og knattspyrna.

Uppgjör íþróttaskólans

Skýrsla íþróttaskólans er lögð fram á fundinum. Fjárhagslegt uppgjör mun liggja fyrir í 8 mánaða uppgjöri félagsins.

Staða töflugerðar og undirbúningur hauststarfsins

Verið er að hnýta síðustu lausu endana í töflu haustsins. Endanlega tafla verður auglýst í Garðapóstinum í næstu viku.

3) Reglugerð og reiknilíkan afrekssjóðs – frestað til næst fundar

4) Rekstraráætlanir deilda – frestað til næst fundar

5) Mannvirkjanefnd – svar við erindi Garðabæjar

VIO formaður mannvirkjanefndar fylgdi úr hlaði greinargerð deilda félagsins varðandi sýn þeirra á framtíðaruppbyggingu íþróttaaðstöðu í bænum. Eftir umræður var framkvæmdastjóra félagsins og formanni mannvirkjanefndar falið að svara erindi bæjarins. Aðalstjórn er sammála um að mikilvægt sé að forangsröðun félagsins taki mið af eftirfarandi:

1. Að öll mannvirki, tæki og búnaður séu ávallt í fullkomnu lagi.
2. Að lokið verði við fyrirbyggjandi óskalista félagsins yfir smærri lagfæringar og viðbætur áður en ráðist er í frekari nýframkvæmdir.



3. Að áhersla verði lögð á að bæta aðstöðu starfsmanna Stjórnunnar, bæði í Stjörnuheimilinu og íþróttamannvirkjum bæjarins. Núverandi aðstaða er óviðunandi.
 4. Að áhersla verði lögð á að bæta félagsaðstöðu Stjórnunnar. Núverandi aðstaða félagsins er óviðunandi.
 5. Að farið verði yfir framtíðarsýn Garðabæjar varðandi Ásgarðssvæðið og mögulegar endurbætur þess, sérstaklega með áherslu á hverskonar aukið æfingarými, samnýtanleg rými s.s. lyftingaaðstöðu og aðstöðu fyrir sjúkrabjálfa.
 6. Í svari félagsins verði dregin fram í stafrófsröð stærstu einstöku beiðnir hverrar deildar varðandi nýframkvæmdir.
 - a. Fimleikadeild – Danssalur á Ásgarðssvæðinu.
 - b. Handknattleiksdeild – Fjölgun æfingarýma.
 - c. Knattspyrnudeild – Yfirbyggð og upphituð æfingaaðstaða á Ásgarðssvæðinu, stúka lagfærð að kröfum FIFA vegna Evrópukeppni.
 - d. Körfuknattleiksdeild – Fjölgun æfingarýma (hugsanlega leyst með sameiginlegum keppnissal)
 - e. Lyftingadeild – Stór sameiginleg styrktaræfingaaðstaða sem nýtist öllum deildum félagsins.
 - f. Sunddeild – 25 metra innanhúss sundlaug á Ásgarðssvæðinu.
 7. Félagið óskar eftir frekari viðræðum um forgangsröðun einstakra liða að teknu tilliti til áhrifa þeirra á heildarsamning félagsins við Garðabæ sem kemur til endurskoðunar í árslok 2014 þar sem aðalstjórn leggur áherslu á styrkingu innra starfsins næstu misseri með tilheyrandi auknum rekstrarkostnaði.
- 6) Endurskoðunarskýrsla og viðbrögð varðandi innra eftirlit
Tillögur endurskoðanda félagsins lagðar fram. Umræðu frestað til næsta fundar.
- 7) Viðbrögð við bréfi Ríkisskattstjóra
Tillögur endurskoðanda félagsins lagðar fram. Umræðu frestað til næsta fundar
- 8) Starfsmannamál - frestað til næsta fundar
- 9) Samfélagsdagur Stjórnunnar – frestað til næsta fundar
- 10) Íþróttaskóli Stjórnunnar – skýrsla sumarstarfsins
Aðalstjórn fagnar öflugum starfi og vandaðri skýrslu um starf íþróttaskólans í sumar og felur framkvæmdastjóra að koma sérstökum þökkum á framfæri við stjórnendur skólans og verkefnastjóra Stjórnunnar vegna þess.
- 11) Önnur mál



- Aðalstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að Handknattleiksdeild standi fyrir jólatónleikum Stjórnunnar. Áskilið er að deildin skili framkvæmdastjóra fjárhagsáætlun um verkefnið og fyrir liggja skriflegur samningur við flytjendur auk þess sem skrifstofa félagsins sjái um uppgjör viðburðarins.
- Aðalstjórn gerir ekki athugasemdir við hugmyndir Handknattleiksdeildar um sölubúð í Mýrinni. Minnt er á reglur um Stjörnumerkið og notkun þess. Framkvæmdastjóri staðfesti að fyrirhugaðar söluvörur uppfylli kröfur félagsins. Gerð er krafa um að deildin geri reglulega grein fyrir sölunni.
- Aðalstjórn telur ekki tilefni til breytinga á ráðstöfun íbúðarhúsnæðis sem félagið hefur til afnota. Fyrir liggur að þær deildir sem nú hafa húsnæðið til afnota hafa þörf fyrir það áfram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:25 Ritað PGr